

Framleiðnisjóður landbúnaðarins

Ársskýrsla
2003

Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson

Samantekt taflna og umsjón með ársreikningum: Jón G. Guðbjörnsson

Forsíða: *Skjaldfönn í Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp*

Ljósmyndari: Björn Þorsteinsson

Prentun: Prentverk Akraness hf 2004

1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum“... Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála, nú iðnaðarráðherra.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eru einkum tvenns konar: annar vegar starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, en hins vegar tekjur af kjarnfóðurtollum skv. 33. gr. laga nr. 99/1993. Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast en þarf að leita samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir ráðstöfun tekna af kjarnfóðurtollum. Þá fer stjórn Framleiðnisjóðs einnig með málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

2. Stjórn og starfsmenn

Í aðalstjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja nú:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, Borg., formaður, tilnefndur af landb. ráðherra
Benjamín Baldursson, Ytri-Tjörnum, Eyj., tilnefndur af landb. ráðherra
Ari Teitsson, Hrísum, S.-Þing., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og
Þórhalla Snæþórsdóttir, Keflavík, Gullbr., tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn eru taldir í sömu röð:

Sveinn Sigurmundsson, Selfossi, Árn.
Lilja Hafdís Óladóttir, Merki, N.-Múl.
Hörður Harðarson, Laxárdal, Árn.
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Þuríður Jóhannsdóttir, fulltrúi á skrifstofu sjóðsins, lét af störfum í maí 2003. Í stað hennar var

ráðin Sif Ólafsdóttir viðskiptafræðingur frá 1. júní. Er hún í 75 % starfi. Þá annast stjórnarformaður einnig verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Þann 1. apríl 2003 var skrifstofa Framleiðnisjóðs flutt frá Engjaási 2 í Borgarnesi að Hvanneyri. Fékk sjóðurinn þar aðstöðu í nýbyggingu Borgarfjarðarsveitar sem einnig hýsir nokkrar aðrar stofnanir er þjóna landbúnaðinum. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2003 svo og ársreikning Garðávaxtasjóðs.

3. Starf Framleiðnisjóðs 2003

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt 13 formlega fundi á árinu 2003. Í tengslum við Ráðunautafund 2003 í Reykjavík hélt stjórnin venju samkvæmt samráðs- og kynningarfund með héraðsráðunautum, stjórnendum búnaðarskólanna, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra leiðbeiningasviðs bændasamtakanna og forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslur í september, og áttu þá m.a. fund með formanni og starfsmönnum Búnaðarsambands Suðurlands og ferðaþjónustuaðilum í Skaftárhreppi. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri nokkrar ferðir, m.a. um Skagafjörð, Snæfellsnes, Borgarfjörð og Suðurland, til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbyggingar og þróunarverkefna. Gáfust um leið tækifæri til að líta á framkvæmdir og meta aðstæður. Ótaldir eru þá fjölmargir fundir með einstaklingum og fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu önnur erindi við sjóðinn.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs (www.fl.is) er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar sem og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2002 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.

4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2003

Eftir hætti síðastliðinna sex ára samþykkti stjórn Framleiðnisjóðs í upphafi ársins 2003 starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglur þessar mótuðu síðan meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu:

Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðniaukningar í landbúnaði og við aðra eflingu atvinnu í dreifbýli, sbr. lög nr. 89/1966.

Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.

Framleiðnisjóður leggur á árinu 2003 áherslu á viðfangsefni sem hafi þessi markmið:

- a. að auka framleiðni búgreina með rannsókn- og þróunarverkefnum*
- b. að styrkja tekjumöguleika á einstökum búum með nýsköpun í búrekstri*
- c. að efla kunnáttu og færni í búrekstri*
- d. að efla og styrkja markaði fyrir búvörur og þjónustu búanna*
- e. að styðja hagræðingu í úrvinnslu búsafurða og efla atvinnufyrirtæki í dreifbýli.*

5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2003

Á árinu 2003 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 281,3 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum til lögbundinna verkefna sjóðsins 165 mkr. og 25 mkr. runnu til sérstaks markaðsverkefnis (Áforms) skv. 12. gr. búnaðarlagasamnings frá 6. mars 2002. Þá var framlag ríkissjóðs vegna loðdýraræktar 30,0 mkr. (fóðurjöfnunargjald). Fjármunatekjur námu 11,3 mkr. Tekjur Framleiðnisjóðs af kjarnfóðurtollum námu 50,0 mkr. Framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur, þ.m.t. framlag ríkisins vegna loðdýraræktar, námu 251,2 mkr. Á árinu 2003 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs alls 17,5 mkr. samanborið við 17,6 mkr. árið 2002. Sjóðurinn er gerður upp með 2,8 mkr. afgangi.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2003 námu 179,4 mkr.; þar af 81,7 mkr. sem innstæður í lánastofnunum en 25,6 mkr. í útlánum að frádregnum afskriftasjóði. Óhafin framlög voru 140,6 mkr. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 19,0 mkr. í árslok 2003.

Um fjárhag Framleiðnisjóðs er að öðru leyti vísað til ársreikninga sem fylgja þessari skýrslu. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni en sá háttur var tekinn upp frá og með árinu 2002.

6. Umsóknir og erindi 2003

Á árinu 2003 bárust Framleiðnisjóði alls 205 erindi, nokkru færri en árið á undan (239). Af þeim voru 54 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum, 151 töldust til almennra umsókna um nýbreytni á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning.

Á árinu 2003 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 149 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, nokkru færri en árið á undan (175). Af þeim voru 43 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 106 voru almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var 14 erindum úr fyrri flokknum. Úr síðari flokknum var 45 erindum hafnað en 9 erindi fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Nokkur erindi úr báðum flokkum biðu afgreiðslu við árslok en sjóðsstjórn hefur þá vinnureglu að taka nær hvert erindi fyrir á tveimur fullskipuðum stjórnarfundum.



Hvanneyrargata 3, þar sem skrifstofa Framleiðnisjóðs er til húsa.

Ljós. Guðm. Sigurðsson

7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður veitti stuðning á árinu 2003. Fylgt er efnisatriðaröð starfsstefnu sjóðsins, sjá 4. lið hér að framan. Skrár um einstaka styrki og lán, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 3.-5. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til rekstrarreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

a) Hagræðingar- og framleiðniverkefni

Þróunarverkefni búgreina. Eins og áður ráðstafaði stjórn Framleiðnisjóðs fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir nánari skiptingu á milli þeirra. Skyldu samtök búgreinanna gera tillögur um ráðstöfun fjárens og/eða gefa umsagnir um umsóknir í þetta fé. Á árinu 2003 voru 44 millj. kr. lagðar til þessara verkefna: 22 millj. voru teknar af tekjum sjóðsins af fódurtollum en 22 millj. kr. af almennu fé hans. Tvennt réði skiptingu fjárens á milli búgreina: hlutur þeirra í gjaldstofni búnaðargjalds annars vegar og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu tolla af innfluttu kjarnfóðri hins vegar. Tæpar 38 mkr. af 44 mkr. nýttust til umræddra verkefna en mismuninum var ráðstafað til annarra þróunarverkefna í samræmi við almennar starfsreglur sjóðsins. Búfjárræktargreinarnar nýttu féð einkum til kynbótaverkefna og fódurrannsókna. Nokkur rannsóknaverkefni búgreina hafa líka verið studd með þessu þróunarfé.

Önnur rannsókn- og þróunarverkefni hefur Framleiðnisjóður einnig styrkt í verulegum mæli. Stærstu upphæðunum var varið til jarðræktarrannsókna RALA, til kræklingarannsókna Veiðimálastofnunar, hrossaræktarrannsókna á Hólum og til hluta Íslands í fjölþjóðlegu rannsóknaverkefni varðandi fjós á norðurslóðum. Þá var styrkur veittur til rannsókna á gæðum loðdýrafóðurs og díoxín-mælinga í búvörum. Undir þessum lið má einnig nefna samstarf við Nýsköpunarsjóð námsmanna sem hafið var árið 2001. Það hefur stuðlað að mörgum áhugverðum rannsóknaverkefnum háskólanema sem m.a. hafa þegar verið kynnt með veggspjöldum á Ráðunautafundum og víðar. Loks er það að nefna að Framleiðnisjóður varði 10 mkr. til kaupa á hlutafé í líftækni fyrirtækinu Orf ehf (sjá einnig 7e).

Samfjármögnun rannsókna með Tæknisjóði. Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Tæknisjóðs Rannsóknaráðs Íslands um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Til samstarfsins samþykkti Framleiðnisjóður samtals 13,8 mkr. á árinu 2003, á móti 15,2 mkr. frá Tæknisjóði. Verkefnin voru 10 alls. Skrá um verkefnin er í 5. töflu. Enn virðist landbúnaðartengdum umsóknum til Tæknisjóðs fækka. Áhyggjum af því hefur áður verið lýst því með samstarfi sjóðanna tveggja hefur landbúnaðurinn aðgang að verðmætu rannsóknafé.

b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum

Stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpunarverkefni á bújörðum miðaðist við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 1750 þús. kr. á býli. Viðbótarframlög voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin liðlega 54 mkr. sem er nokkru minna en á árinu 2002. Um fleiri verkefni á vegum bænda er að ræða, eins og sjá má í 3. töflu (B2); verkefni sem t.d. fela ekki í sér hefðbundna fjárfestingu en ýta engu að síður undir mikilvæga nýsköpun og umbætur í sveitum. Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á bújörðum, skiptast eftir kjördæmunum eldri og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

1. tafla. Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2003

Kjördæmi	Ferða- búskapur	Búfj. og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Orku- virkjun	Alls
Vesturland	4	2	1	1	-	8
Vestfirðir	1	-	-	1	1	3
Norðurland v.	2	-	-	-	-	2
Norðurland ey.	6	-	-	-	4	10
Austurland	2	1	1	1	-	5
Suðurland	8	4	-	-	3	15
Reykjanes	-	-	-	-	-	-
SAMTALS	23	7	2	3	8	43

Ferðabúskapur var fyrirferðarmestur í umsóknum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Meira en helmingur samþykktra verkefna þar taldist til ferðaþjónustu. Áformin í þessari grein voru afar fjölbreytt; allt frá umfangsminni ferðaþjónustu með öðrum búskap til mikilla fjárfestinga í sérhæfðri aðstöðu til móttöku og umönnunar ferðamanna. Næst stærsti liðurinn er vatnsvirkjanir en áhugi á þeim hefur vaxið að nýju hin síðari ár.

Loðdýrarækt. Á árinu 2003 tók Framleiðnisjóður sem fyrr þátt í aðgerðum til eflingar loðdýrarækt. Framlög voru veitt úr sjóðnum til stuðnings við fóðureftirlit og ráðgjöf í greininni. Loðdýrabændur hafa lagt mikla áherslu á öflugt fóðureftirlit. Ríkissjóður lagði fram 30 mkr. til greiðslu jöfnunarstyrks á loðdýrafóður. Skrifstofa Framleiðnisjóðs annaðist sem fyrr greiðslurnar fyrir hönd ríkissjóðs að beiðni landbúnaðarráðuneytisins.

Smáverkefnasjóður er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands, Framleiðnisjóðs og landbúnaðarráðuneytisins. Nefndina skipa Jóhanna Pálmadóttir á Akri, sem er formaður, Jón G. Guðbjörnsson á Lindarhvoli og Jónas Helgason í Æðey. Framleiðnisjóður hefur um árabil lagt verkefninu til starfsfé; 5,0 mkr. á árinu 2003. Á því ári bárust Smáverkefnasjóði 22 umsóknir. Af þeim voru 17 afgreiddar með fyrirheiti um styrk, samtals að upphæð 4,650 mkr.; tveimur umsóknum var hafnað. Styrkfyrirheitið skiptust þannig eftir hinum eldri kjördæmum - tölur í svigum eru fjöldi samþykktra umsókna Smáverkefnasjóðs á öllum starfstíma hans (1991-2003):

2. tafla. Skipting samþykktra framlaga úr Smáverkefnasjóði árið 2003

Kjördæmi	2003	(alls)
Vesturland	4	(69)
Vestfirðir	1	(46)
Norðurland v.	3	(45)
Norðurland ey.	2	(94)
Austurland	1	(60)
Suðurland	5	(116)
Reykjanes m. Rvík	1	(22)
SAMTALS	17	(452)

Árni Snæbjörnsson ráðunautur BÍ sinnti hlutverki atvinnumálafulltrúa í hlutastarfi til ársloka. Á starfstíma Smáverkefnasjóðs hefur sjóðurinn ráðstafað tæpum 77 mkr. með styrkjum til 452 smærri nýsköpunarverkefna í drifbýli. Meðalstyrkur hefur því numið um 170 þús.kr. Konur eru 49% styrkþega, karlar 30% en félagslegar umsóknir eru 21% samþykktra erinda.

c) Endurmenntun – námsstyrkir

Framleiðnisjóður landbúnaðarins studdi endurmenntun bænda og starfsmanna landbúnaðarstofnana með ferðastyrkjum til þátttakenda og greiðslu nokkurs hluta kostnaðar við hin ýmsu námskeið, m.a. á grundvelli samnings sjóðsins um þetta efni sem endurnýjaður var í apríl 2003 við búnaðarskólana og Bændasamtök Íslands og gilda á fyrir árin 2003 (frá 1. júlí) og 2004 hvað snertir hlut Framleiðnisjóðs. Nam samþykktur stuðningur samtals 13,7 mkr.

Framleiðnisjóður veitti 696 þátttakendum á 71 námskeiði stuðning á árinu 2003. Á vegum Hólaskóla voru haldin 10 námskeið með 66 styrkhæfum þátttakendum, 13 á Garðyrkjuskólanum á Reykjum með 196 þátttakendum en 44 á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri með 387 þátttakendum. Önnur námskeið, haldin á vegum BÍ, voru 4 þar sem 47 tóku þátt.

Á árinu 2003 voru samþykktir námsstyrkir til fjögurra nemenda í MS-námi í búvísindum við erlenda háskóla og einn styrkur til endurmenntunardvalar fræðimanns erlendis. Þá voru veittir alls níu styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar þeirra (a.m.k. 10 námsvikur).

d) Markaðsöflun

Spurn eftir fé í þessu skyni er mikil og ekki unnt að mæta nema hluta hennar. Á árinu 2003 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð nær 22 mkr.

Sjóðurinn leggur áherslu á hlutfjármögnun með öðrum, svo sem Bændasamtökunum, verkefninu Áform, kjötframleiðendum og kynningaraðilum íslenska hestsins. Undir þennan lið fellur einnig þátttaka Framleiðnisjóðs í verkefninu Handverk og hönnun, en stjórnarfulltrúi sjóðsins þar var á árinu Árni Snæbjörnsson og Þórhalla Snæþórsdóttir til vara. Verkefnið lýtur ábyrgð forsætisráðuneytisins. Þá var Fagráði textíliðnaðarins veittur styrkur vegna markaðssetningar á ullarvörum.

e) Stuðningur við annan atvinnurekstur

Á árinu 2003 lagði Framleiðnisjóður fé til annars atvinnureksturs á sviði landbúnaðar en getið er í b-lið, alls nær 17 mkr. Meginhluti upphæðarinnar var vegna slátrunar og kjötvinnslu, m.a. 10 mkr. til útflutningskjötvinnslu KS á Sauðárkróki. Þá veitti Framleiðnisjóður Bændasamtökum Íslands 5 mkr. til hlutafjárkaupa í líftæknifyrirtækinu Orf ehf. Sjóðurinn hefur áður stutt þróunarstarf Orfs ehf, ýmist einn eða með Tæknisjóði Rannís.



Í fiskeldisstöð Glæðis ehf. að Teygingarlæk, V-Skaft.

(Ljós.: JGG)

f) Garðávaxtasjóður

Hlutverk Garðávaxtasjóðs, sem er í vörslu Framleiðnisjóðs, er að styrkja stofnræktun garðávaxta, ramnsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2003 voru 50,0 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam 2,5 mkr. til eins verkefnis á vegum RALA og Útsæðisnefndar en það snýst um viðhald heilbrigðra kartöflustofna og hefur verið stutt af Garðávaxtasjóði undanfarnin ár. Verkefnið er talið hafa grundvallarþýðingu fyrir kartöflurækt hérlendis. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari ársskýrslu.

g) Önnur viðfangsefni – Áform ofl.

Við gerð samnings Bændasamtakanna og stjórnvalda sem undirritaður var 6. mars 2002 var kveðið á um sérstaka fjármuni til markaðsmála að upphæð 25,0 mkr. á ári í fimm ár eða til ársins 2007. Með þessu samkomulagi var ákveðið að halda áfram þeirri markaðsvinnu sem unnin hafði verið undir heitinu „Áform átaksverkefni” frá árinu 1995. Sú breyting varð hins vegar með búnaðarlagasamningnum að fjárhæðin var lögð við það fé sem Framleiðnisjóði landbúnaðarins var ætlað og sjóðnum jafnframt falin fjárhagsleg umsýsla með verkefninu ásamt bókhaldi. Þá var verkefninu sett sérstök stjórn þannig að ráðstöfum þessara tilteknu fjármuna heyrir ekki undir stjórn FL. Landbúnaðarráðherra skipar verkefnisstjórnina en stjórn FL tilnefndi einn fulltrúa, Bjarna Guðmundsson. Hlutverk verkefnisins er að vinna að kynningu og greiða fyrir markaðssetningu á íslenskum landbúnaðarvörum erlendis, svo og handverki, náttúruafurðum og ferðaþjónustu á vegum bænda o.fl. Baldvin Jónsson er verkefnisstjóri sem fyrr og verkefnið gengur áfram undir nafninu „Áform”. Áskilið var að ársskýrsla um verkefnið og ársreikningar þess skyldu birt með ársreikningum Framleiðnisjóðs. Af tæknilegum ástæðum var það ekki unnt fyrir árið 2003 en verður væntanlega gert frá og með starfsárinu 2004. Helstu rekstrartölur verkefnisins á árinu 2003 eru hins vegar þessar:

<i>Tekjur alls</i>	<i>28,7 mkr.</i>
Markaðsverkefni í USA	9,5 mkr.
Markaðsverkefni í Danmörku	5,1 mkr.
Innlendur kostnaður vegna markaðsverkefna	5,1 mkr.
Rekstur	10,2 mkr.
<i>Gjöld alls</i>	<i>29,9 mkr.</i>

Skrifstofa Framleiðnisjóðs annaðist einnig fjárreiður vegna aðlögunarsamnings garðyrkjunnar sem og átaksverkefni nautgriparæktar, hvort tveggja samkvæmt sérstökum samningum viðkomandi búgreina og landbúnaðaráðherra. Fyrir framvindu og fjárreiðum þessara verkefna verður væntanlega gerð grein á öðrum stað.

8. Nýsköpun og þekking

Framleiðnisjóður landbúnaðarins gegnir mikilvægu hlutverki í nýsköpun á sviði landbúnaðar. Fjöldmörg rannsókn- og þróunarverkefni, sem lögð hafa verið fram á Ráðunautafundi síðustu árin og á fleiri fagstefnum landbúnaðarins hafa með einum hætti eða öðrum notið fjárstuðnings úr sjóðnum. Vissulega hefðu mörg þeirra verið unnin án atbeina Framleiðnisjóðs en fé sjóðsins hefur gert mögulegt að vinna þau hraðar og með víðtækari hætti en ella hefði orðið.

Úr Framleiðnisjóði hafa farið 55-70 mkr. á ári til nýsköpun á bújörðum. Stuðningurinn hefur styrkt búsetu og skapað ný störf. Svo sem áður hefur komið fram eru viðfangsefni nýsköpunarinnar fremur fábreytt: ferðaþjónusta af ýmsu tagi er stærsti hlutinn og virðist hafa gefist fremur vel. Mikilvægt er að efla hugmyndaleit og nýsköpun, jafnframt því að horfast í augu við nýtt og fjölbreyttara hlutverk landbúnaðar en áður hefur gilt. Framleiðniaukning hefðbundinna greina hefur kallað fram þörf á nýjum viðfangsefnum í dreifbýli, og raunar má segja að þar hafi sprottið fram þörf fyrir nýja þjónustu landbúnaðarins við samfélagið, t.d. varðandi umsjá landsins og hvers konar nýtingu þess.

Sístæð og almenn er þörfin fyrir þekkingu, kunnáttu og færni. Í flestum tilvikum er hún ódýrasti þáttur nýsköpunar. Í veröld vaxandi fjárþarfar fer geta sjóðs eins og Framleiðnisjóðs til stuðnings við fjárfestingu í dauðum hlutum þverrandi að tiltölu. Hins vegar getur hann enn orðið mikilvirkur við að styrkja grundvöll þekkingarinnar. Ef við vitum hvað við viljum og höfum kunnáttu til þess að framkvæma það eru meiri líkur en ella á að okkur verði trúað fyrir fjármagni til þess að koma því í framkvæmd. Í þessu viðhorfi liggur ekki hvað síst hlutverk Framleiðnisjóðs næstu misserin.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins þakkar samstarfið þeim mörgu sem hann hefur átt samskipti við á árinu 2003.



*Kræklingarækt
Hríseyjarbænda.
(Ljós.: JGG)*

3. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2003. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum, sjá 4. kafla. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	FI	Verkefni	Upphæð
Þróunarverkefni búgreina:			
Landbúnaðarráðuneytið/Bí	A1	Tölvukerfi, einstaklingsmerkingar á búfé	3.500.000
Félag gulrófnabænda	A1	Íslensk gulrófa, fræræktun, kynbætur	300.000
Rannsóknarstofun landbúnaðarins	A1	Tilraunir með áburð á kartöflur	550.000
Samband garðyrkjubænda	A1	Kostnaðargreining í garðyrkju	500.000
Garðyrkjustöðin Ösp ehf	A1	Lifrænar varnir í skrautjurtaræktun	530.000
Samband ísl. loðdýraræktenda	A1	Innfl. á minkahögnum	1.400.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A1	Gæðaeftirlit með loðdýrafóðri	2.400.000
Samband ísl. loðdýraræktenda	A1	Innflutningur erfðaefnis	1.000.000
Landssamband kúabænda	A1	Nautgripakjöt, úttekt	800.000
Rannsóknastofun landbúnaðarins	A1	Fóðurrannsóknir, kýr	4.500.000
Rannsóknastofun landbúnaðarins	A1	Snefilefni í jarðvegi, fóðri og búfé, 1 hl.	1.000.000
Rannsóknastofun landbúnaðarins	A1	Niðurfelling búfjáraðurar	1.000.000
Bændasamtök Íslands	A1	Tæknilausnir í fjósum	1.250.000
Landssamband kúabænda	A1	Gæðaverkefni, úrvals nautakjöt	5.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Hollustuþættir lambakjöts	760.000
Landssamtök sauðfjárbænda	A1	Afkvæmarannsóknir sauðfjár	2.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A1	Úttekt á kindakjötsmati	1.250.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1	Svínarækt, þróunaráætlun 2003	10.000.000
			37.740.000
Ýmis þróunarverkefni:			
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	A2	Nýting aðalbláberja	1.000.000
Hólaskóli	A2	Rannsóknir í hrossarækt I	1.000.000
Rannsóknarstofun landbúnaðarins	A2	Fjós á norðurlóðum	2.400.000
Yfirdýralækniseimbættið	A2	Díoxímælingar í búfjárafurðum og grænmeti	1.800.000
Aðfangaeftirlitið	A2	Díoxímælingar í búfjárafurðum og grænmeti	1.800.000
LBH - Lífræn miðstöð	A2	Nýbreytni í ferðapjónustu bænda	600.000
Bændasamtök Íslands	A2	Efnisorðalykill f. greinasafn íslensks landb.	1.000.000
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	A2	Jarðræktarkönnun 2003 - þarfagreining	150.000
Rannsóknastofun landbúnaðarins	A2	Snefilefni í jarðvegi, fóðri og búfé, 1 hl.	1.900.000
Rannsóknastofun landbúnaðarins	A2	Ræktunarkerfi við fjölbreyttar aðstæður	7.000.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	A2	Íslenski garðurinn, kennsluefni	500.000
Bændasamtök Íslands	A2	Samræmt fóðurmatskerfi fyrir jörturdýr	550.000
Búnaðarsamtök Vesturlands	A2	Ómsjá	650.000
Hólaskóli	A2	Rannsóknir í hrossarækt II	2.500.000
Veiðimálastofnun	A2	Kræklingarækt, skráningakerfi, eftirlit	3.000.000
Veiðimálastofnun	A2	Upplýsingavefur um veiðivötn og ár	600.000
G. Ágúst Pétursson	A2	Frumkvöðlafræðsla	1.500.000
Búnaðarsamtök Vesturlands	A2	Ráðunautapjónusta - hagræðing	2.000.000
Jakob Veigar Sigurðsson	A2	Endurvinnsla baggaplasts	500.000
Bændasamtök Íslands	A2	Ráðgjöf í loðdýrarækt	800.000
Bændasamtök Íslands	A2	Atvinnuráðgjöf	1.200.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2	Framl. einstofna mótefnis - hesta IgE	2.000.000
Leiðbeiningastöðin	A2	Ómsjá	650.000
			35.100.000

Samfjármögnun með Tæknisjóði Rannís:

Rannsóknaráð Íslands	A3	Samfjármögnun, sjá 5. töflu	13.800.000
			13.800.000

Verkefni á lögbýlum:

Nýsköpun og efling atvinnu	B1	Sjá 4. töflu	54.327.000
			54.327.000

Ýmis verkefni á vegum bænda:

Nautgriparæktarfélag Hrunamanna	B2	Afmælisrit Nautgr.r.fél. Hrunamanna 100 ára	150.000
Ferðamálafélag A-Skaftafellssýslu	B2	Merking gönguleiða	500.000
Biobú ehf	B2	Framleiðsla á lífrænni jógúrt	1.750.000
Yrkjar ehf	B2	Vélakaup til línvinnslu	3.000.000
Sigurvin Kristjánsson	B2	Hitaveita	400.000
Gellur & Kinnar ehf	B2	Fiskhausapurrkun	1.750.000
Gunnhildur Ingólfssdóttir	B2	Gróðursetningarvél fyrir trjáplöntur	480.000
Gallerí Sól	B2	Gistaaðstaða, handverkssala	700.000
Gígja Kjartansdóttir	B2	Jurtavörur, tækjakaup og markaðssetn.	1.000.000
Fífilbrekka ehf	B2	Gönguleiðakort	300.000
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	B2	Smáverkefnasjóður, verkefnafé 2003	5.000.000
Hagfélagið hf	B2	Söguslóð framkvæmdaráætlun	300.000
Gunnsteinn Gíslason	B2	Gámahýsi	429.000
Svanhvít Gísladóttir	B2	Lönfyrirtæki	900.000
Eldisfóður hf	B2	Loðdýrafóður, meltuvinnsla	500.000
Ferðamálafélagið Súlan	B2	Kynningarefni, kort og bæklingar	200.000
Haukur Sveinbjörnsson	B2	Hitaveita	400.000
Kristján Ágúst Magnússon	B2	Hitaveita	400.000
			18.159.000

Endurmenntun og námskeið:

Ullarselið Hvanneyri	C	Námsefnisgerð í ullarvinnslu	700.000
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	C	Endurmenntun í landbúnaði, bændanámskeið	6.000.000
Simenntunarmiðstöð Vesturlands	C	Menntasmiðja kvenna	1.000.000
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	C	Gagnvirkur fjarnámsvefur til kennslu	800.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Samfjármögnun námsmannaverkefna	1.457.000
Þórey Ólöf Gylfadóttir	C	Framhaldsnám í búfræði við KVL	500.000
Gunnfríður Elin Hreiðarsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði, M.Sc. við KVL	500.000
Stefán Þór Pálsson	C	Framhaldsnám í búfræði, M.Sc. við KVL	500.000
Andrés Arnalds	C	Endurmenntun í búvísindum	500.000
Stefán Lárus Karlsson	C	Starfsmenntunarstyrkur, starfsnám við VMA	150.000
María Karen Ólafsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur, viðskiptanám við HÍ	50.000
Jón Einar Kjartansson	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við LBH,	150.000
Valdimar Bjarnason	C	Starfsmenntunarstyrkur, nám við HÍ,	50.000
Harpa Björt Eggertsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við IR/VMA	150.000
María Dóra Þórarinsdóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við LBH,	150.000
Atli Már Traustason	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við LBH,	150.000
Erlingur Garðarsson	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við LBH	150.000
Óðinn Gíslason	C	Framhaldsnám í búfræði, M.Sc. við KVL	500.000
Ingi Bæringsson	C	Starfsmenntunarstyrkur, fjarnám við LBH	150.000
Skinnastöðin ehf	C	Skinnaverkun, námsferð	75.000
			13.682.000

Markaðsmál:

Forsætisráðuneytið	D	Handverk og hönnun	3.400.000
Fagråd textílnaðarins	D	Markaðsvinna	3.000.000
Kjötframleiðendur ehf	D	Markaðssókn, dilkakjöt II	1.500.000
Menja ehf	D	Sala og markaðssetning bleikju	2.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Sveitaheimsóknir skólubarna	3.000.000
Landssamband hestamanna	D	Heimsmeistaramót í Danmörku 2003	2.000.000
Kjötframleiðendur ehf	D	Markaðssókn, hrossakjöt	1.500.000

Fjárfestingarstofan	D	Ylræktarverkefni - samstarf, fjármögnun	475.000
Landbúnaðarráðuneytið	D	Hestur - gjöf til fatlaðra barna í Svíþjóð	250.000
Mjólkursamlag Ísfirðinga	D	Prímus-orkudrykkur, markaðsetning	1.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Iceland Naturally 2003	750.000
ÁFORM - markaðsverkefni	D	Food and fun, Sælkeraveisla	1.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Lifandi landbúnaður, kynningarefni	300.000
Kjötframleiðendur ehf	D	Markaðssókn, dilkakjöt II	1.500.000
			21.675.000

Fyrirtæki í dreifbýli:

Bændasamtök Íslands	E	Kaup hlutafjár í ORF líftækni ehf	5.000.000
Ólafur Ágúst Andrésson	D	Kynnisferð til Nýja-Sjálands	250.000
Byggðasafnið í Skógum	E	Samgöngur á Íslandi - 2. sýningaráfangi	1.000.000
Kaupfélag Skagfirðinga	E2	Kjötafurðastöð, útflutningsvinnsla	10.000.000
Fjallalamb hf	E2	Sláturhús, úttekt	500.000
			16.750.000

Framlög, ráðstöfun alls kr. 211.233.000

Garðávaxtasjóður:

Rannsóknastofun landbúnaðarins	G	Heilbrigði kartöfluútsæðis	2.500.000
--------------------------------	---	----------------------------	------------------

Lán:

Svínaræktarfélag Íslands	L	Þróunarverkefni í svínarækt 2004	5.000.000
Glæðir ehf	L	Lánveiting vegna Glæðis ehf	5.000.000
			10.000.000

Hlutafjárkaup:

ORF Líftækni hf		Tilraunaverksmiðja, lyfjaprótein úr byggi	10.000.000
-----------------	--	---	-------------------



Sérstæð vatnsrafstöð að Skálakoti undir Eyjafjöllum.

(Ljós.: JGG)

4. tafla. Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnu-
eflingar og þróunar á bújörðum á árinu 2003. Um er að ræða samþykkt áform,
sjá 7. kafla b hér að framan. Upphæðir eru í krónum.

Nafn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Jón Böövarsson	Brenna	Borg.	Ferðapjónusta, sumarhús, veiðihús	1.750.000
Steinsnar ehf	Fossatún	Borg.	Ferðapjónusta, veitingaaðstaða	1.500.000
Guðmundur Kristinsson	Grímsstaðir	Borg.	Reiðtygjagerð og markaðssetning	330.000
Ólafur Flosason	Breiðabólstaður	Borg.	Ferðapjónusta, hestaferðir, veitingaaðstaða	750.000
Jóhanna B. Þorvaldsdóttir	Háafell	Mýr.	Geitfjárrækt	1.000.000
Jónína Þorgrímsdóttir	Ytri-Tungu	Snæf.	Ferðapjónusta, gístiaðstaða, veislusalur	1.750.000
Þórður Runólfsson	Syðra-Lágafell	Snæf.	Trjáplöntuuppeldi - aðstaða	1.740.000
Hleinar ehf	Akrar	Snæf.	Landupplýsingakerfi, örnefnaskráning	900.000
Guðjón Bjarnason	Hænuvík	V-Barð.	Raforkuvirkjun	200.000
Elísabet Pétursdóttir	Sæból II	V-Ís.	Handverkshús, endurbygging	462.000
Ævintýradalurinn ehf	Heydalur	N-Ís.	Ferðapjónusta, gisting, tjaldsvæði	1.750.000
Björn V. Gunnþórsson	Dæli	V-Hún.	Ferðapjónusta, gístiaðstaða	875.000
Haukur Suska Garðarsson	Hvammur II	A-Hún.	Ferðapjónusta, tamningaaðstaða	1.750.000
Gunnar Th. Gunnarsson	Leifsstaðir II	Eyj.	Golfvöllur, undirbúningur	1.000.000
Sigurður Arnar Jónsson	Draflastaðir	S-Þing.	Ferðapjónusta, gístiaðstaða, afþreying	1.750.000
Kristján I. Jóhannesson	Hróarsstaðir	S-Þing.	Raforkuvirkjun	1.200.000
Gunnar Hallgrímsson	Klambrasel	S-Þing.	Ferðapjónusta, veiðihús	1.200.000
Karen Rut Konráðsdóttir	Syðra-Áland	N-Þing.	Ferðapjónusta	750.000
Sverrir Möller	Ytra-Lón	N-Þing.	Ferðapjónusta, farfuglaheimili, viðbygging	510.000
Sigurður Jens Sverrisson	Hvammur II	N-Þing.	Ferðapjónusta, veiðihús	1.400.000
Eiríkur Kristjánsson	Borgir	N-Þing.	Raforkuvirkjun	400.000
Haldór Olgeirsson	Bjarnastaðir	N-Þing.	Raforkuvirkjun	1.600.000
Jakobína Ketilsdóttir	Kollavík	N-Þing.	Raforkuvirkjun	400.000
Guðni Þórðarson	Lynghóll	S-Múl.	Vistheimili, gistirými	1.750.000
Gunnlaugur Jónasson	Egilsstaðir	S-Múl.	Ferðapjónusta, gístiaðstaða	3.000.000
Fjölur Torfason	Hali	A-Skaft.	Fiskeldi, fullvinnsla og útflutningur	1.250.000
Bjarni Hákonarson	Dilksnes	A-Skaft.	Plöntuuppeldisaðstaða	1.750.000
Björn Borgþór Þorbergsson	Breiðabólstaður	A-Skaft.	Ferðapjónusta, gístiaðstaða	1.750.000
Ragnar B. Johansen	Hörgsland I	V-Skaft.	Ferðapjónustubyggð	1.750.000
Guðbrandur Magnússon	Syðri-Fljótar	V-Skaft.	Tamningaaðstaða, reiðskemma	1.750.000
Þorsteinn Gunnarsson	Vatnsskarðshólar	V-Skaft.	Afþreying, hjólabátar	1.250.000
Hjalte Þór Júlíusson	Mörk	V-Skaft.	Þjónustuhús við tjaldsvæði	160.000
Ólafur Pálmi Baldursson	Fit II	Rang.	Raforkuvirkjun	800.000
Jón Guðmundsson ehf	Drangshlíð I	Rang.	Ferðapjónusta, gístialma	875.000
Brynjar Vilmundarson	Fet	Rang.	Tamningaaðstaða	1.750.000
Anders Hansen	Árbakki	Rang.	Ferðapjónusta á hrossaræktarbúi	875.000
Eyvindartunga ehf	Eyvindartunga	Árn.	Raforkuvirkjun	2.000.000
Brynjar Sigurðsson	Heiði	Árn.	Ferðapjónusta, tjaldsvæði, útivistaraðstaða	1.750.000
Haukur Gunnlaugsson	Núpar II	Árn.	Ferðapjónusta, sumarhús	1.750.000
Már Sigurðsson	Haukadalur II	Árn.	Raforkuvirkjun	1.000.000
Páll Bragi Hólmarsson	Austurkot	Árn.	Tamningaaðstaða	1.150.000

Hvítárhestar ehf	Langholt	Árn.	Tamningaaðstaða, reiðskemma	1.750.000
Gljúfurbústaðir ehf.	Gljúfur	Árn.	Ferðabjónustubyggð	1.250.000
				54.327.000

5. tafla. Framlög sem Tæknisjóður Rannsóknaráðs Íslands (TS) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu til rannsókn- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar á árinu 2003. Upphæðir eru í þúsundum króna.

Nafn ábyrgðarmanns	Stofnun	Verkefni	TS	FL
Jóhannes Sveinbjörnsson	RALA	Fóðurmatskerfi fyrir mjólkurkúr	1.000	1.000
Halldór Þormar	Líffr. HÍ	Þróun á efnasams. er drepa sýkla í matvælum	1.800	1.800
Guðmundur Halldórsson	Rannss. Skógr. rík.	Nytsamar jarðvegsörverur á norðurslóðum	1.000	1.000
Magnús Guðmundsson	MATRA	Áhrif súrsunar á gæði súrmetis	1.000	1.000
Hólmgæir Björnsson	RALA	Bygg. og eðliseiginleikar móajaröðv. - jarðvinnsla	500	800
Áslaug Helgadóttir	RALA	Belgjurtir - framleiðslukerfi við ræktun fóðurs	1.000	1.800
Guðjón Þorkelsson	RAFISK	Gerð vöðvapráða og eiginleikar íslensks kjöts	1.000	1.500
Vilhjálmur Svansson	Tilraunast. Keldum	Sumarexem - framleiðsla mótefna	900	900
Bjarni Diðrik Sigurðsson	Rannss. Skógr. rík.	Skógvist - líffræðileg fjölbreytni, framvinda ...	2.000	2.000
Einar Mäntylä	ORF Líftækni	Sameindaræktun á byggi	5.000	2.000
samtals			15.200	13.800

Framleiðnisjóður
landbúnaðarins

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9-13

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu var hagnaður af rekstri Framleiðnisjóðsins er nam 2,8 millj. kr. Eignir samtals eru 179,4 millj. kr. í árslok. Skuldir samtals eru 160,4 millj. kr. og eigið fé 19,0 millj. kr. í árslok.


Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. mars 2004

í stjórn



Bjarni Guðmundsson,
formaður.



Benjamín Baldursson.


Þórhalla Snæþórsdóttir


Ari Teitsson.


Kjartan Ólafsson.

Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri.



Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins


Við höfum endurskoðað ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003, efnahag hans 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 3. mars 2004


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.


Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2003

	Skýr	2003	2002
Framlög:			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....	12	190.000.000	165.000.000
Framlag ríkissjóðs vegna loðdýraræktar.....		30.000.000	29.792.491
Fóðurtollar.....		50.000.000	42.000.000
		<u>270.000.000</u>	<u>236.792.491</u>
Fengin framlög			
Veitt framlög:			
Til markaðsverkefna skv. búnaðarlagasamningi.....	12	25.000.000	0
Stofnframlög til atvinnureksturs á lögbýlum.....	13	55.527.000	62.965.000
Önnur atvinnuskapandi verkefni í dreifbýli.....	14	11.009.000	11.950.000
Stofnframlög vegna atvinnufyrirtækja og afurðastöðva.....	15	23.150.000	32.800.000
Framlög vegna loðdýraræktar.....	16	36.099.286	42.092.500
Framlög til markaðsöflunar.....	17	21.675.000	21.950.000
Framlög til rannsókn- og þróunarverkefna.....	18	78.340.000	79.590.000
Framlög til fræðslu og menntunar.....	19	15.432.000	25.272.000
Fyrnd framlög.....	20	(15.071.744)	(21.662.567)
		<u>251.160.542</u>	<u>254.956.933</u>
Veitt framlög			
Fengin framlög umfram veitt		18.839.458	(18.164.442)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		11.297.525	16.937.898
Vaxtagjöld og verðbætur.....		(12.663)	0
		<u>11.284.862</u>	<u>16.937.898</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	21	12.885.412	12.978.852
Annar rekstrarkostnaður.....	22	5.593.128	4.662.025
Hlutdeild annarra í rekstrarkostnaði.....	23	(960.000)	0
		17.518.540	17.640.877
Lagt í afskriftasjóð útlána.....	7	9.773.547	3.359.414
Niðurfærsla vegna ábyrgðaskuldbindinga.....			(3.042.047)
		<u>27.292.087</u>	<u>17.958.244</u>
Hagnaður (halli) ársins		<u>2.832.233</u>	<u>(19.184.788)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir

	Skýr	31.12.2003	31.12.2002
Eignir			
Sjóður og innstæður			
Innstæður í lánastofnunum.....	8	81.655.715	124.543.607
Útlán:			
Útlán.....	6	50.569.409	54.994.997
Afskriftasjóður útlána.....	7	(25.000.000)	(27.000.000)
		25.569.409	27.994.997
Eignarhluti í félögum			
Hlutabréf.....	24	10.000.000	0
Aðrar eignir			
Skuldabréf.....		7.176.147	10.216.792
Fyrirframgreitt.....		5.000.000	0
Ríkissjóður v/fóðurtolla.....		50.000.000	42.000.000
		62.176.147	52.216.792
Eignir alls		179.401.271	204.755.396

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Skuldir og eigið fé

	Skýr	31.12.2003	31.12.2002
Aðrar skuldir:			
Óhafin framlög.....	10	140.638.016	167.555.000
Umsýslufé.....	11	17.438.650	20.000.000
Viðskiptamenn.....		579.392	0
Ýmsar skammtímaskuldir.....		1.787.434	1.074.850
Skuldir		<u>160.443.492</u>	<u>188.629.850</u>
Eigið fé:			
Eigið fé.....	9	<u>18.957.779</u>	<u>16.125.546</u>
Eigið fé		<u>18.957.779</u>	<u>16.125.546</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>179.401.271</u></u>	<u><u>204.755.396</u></u>

Sjóðstreymi árið 2003

	Skýr	2003	2002
Handbært fé frá rekstri:			
Tekjuafgangur (tekjuhalli).....		2.832.233	(19.184.788)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Hækkun (lækkun) afskriftareiknings útlána.....	(2.000.000)		(2.101.799)
Hækkun (lækkun) niðurfærslu vegna ábyrgða.....	0		(3.042.047)
Verðbætur af skuldabréfaeign.....	(29.276)		(336.745)
Veltufé frá rekstri		<u>802.957</u>	<u>(24.665.379)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar eignir, (hækkun), lækkun.....	(8.000.000)		(3.025.141)
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun).....	(28.186.358)		20.321.840
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(36.186.358)</u>	<u>17.296.699</u>
Handbært fé frá rekstri		(35.383.401)	(7.368.680)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Hlutabréf.....	(10.000.000)		0
Útlán.....	(574.412)		9.165.350
Skuldabréf.....	3.069.921		5.572.440
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(7.504.491)</u>	<u>14.737.790</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Leiðrétt eigið fé 1/1.....	0		(210.407.000)
Óhafin framlög.....	0		167.555.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(42.852.000)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		(42.887.892)	(35.482.890)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>124.543.607</u>	<u>160.026.497</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>81.655.715</u></u>	<u><u>124.543.607</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Útlán

2. Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
3. Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánnum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

4. Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnistæður sjóðsins.

5. Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

6. Útlán

Útlánnum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 4 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar, í öðru lagi útlán, óverðtryggt með vöxtum, í þriðja lagi óverðtryggt útlán án vaxta og í fjórða lagi verðtryggt lán án vaxta.

	Eftirstöðvar 31.12. 2003	Vextir %
6.1. Skuldabréf Fjárhagskönnunarnefndar.....	<u>3.509.409</u>	5%
6.2. Óverðtryggt með vöxtum		
Fiskeldisstöðin Bleikjan ehf.....	1.200.000	5%
Þreskir ehf.....	600.000	5%
Íslenskur textiliðnaður hf.....	15.000.000	5%
Glæðir ehf.....	10.500.000	5%
	<u>27.300.000</u>	

Skýringar

6.3. Óverðtryggð án vaxta

Gránumóar hf.....	600.000
Seljalax hf.....	8.000.000
Loðdýrabændur.....	1.400.000
Búbót ehf.....	4.000.000
	<u>14.000.000</u>

6.4. Verðtryggð án vaxta

ORF líftækni ehf.....	<u>5.760.000</u>
Útlán.....	50.569.409
Afskriftasjóður útlána.....	(25.000.000)
Útlán alls	<u>25.569.409</u>

7. Afskriftasjóður

Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánnum í efnahagsreikningi.

Staða 1/1.....	27.000.000
Afskrifað á árinu	(11.773.542)
Lagt í afskriftasjóð á árinu.....	9.773.542
	<u>25.000.000</u>

8. Innistæður í lánastofnunum

	2003	2002
Búnaðarbankinn.....	81.655.715	123.971.553
Búnaðarbankinn, viðskiptareikningur.....	0	572.054
	<u>81.655.715</u>	<u>124.543.607</u>

Eigið fé

9. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Bókfært eigið fé í ársbyrjun.....	16.125.546
Hagnaður ársins.....	2.832.233
Eigið fé í árslok	<u>18.957.779</u>

Skýringar

10. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2003 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2000.....	19.053.500
Framlög samþykkt á árinu 2001.....	19.056.000
Framlög samþykkt á árinu 2002.....	31.720.000
Framlög samþykkt á árinu 2003.....	70.808.516
Samtals	<u>140.638.016</u>

11. Umsýslufé

Framleiðnisjóður hefur tekið að sér fjármálaumsýslu þriggja verkefna. Eftirfarandi fjárhæðum var óráðstafað vegna þeirra í árslok 2003.

Aðlögunarsamningur Garðyrkjunnar	10.707.185
Átaksverkefni nautgriparæktunarinnar.....	5.853.113
Áform markaðsverkefni.....	878.352
Samtals	<u>17.438.650</u>

12. Áform markaðsverkefni

Innifalið í framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 25 millj. kr. framlag til markaðsverkefnis skv. 12. gr. búnaðarlagasamnings (Áform).

Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

13. Stofnframlög til atvinnureksturs á lögbýlum:

	2003	2002
Vegna loðdýraræktar.....	0	1.750.000
Vegna fiskiræktar.....	1.250.000	1.750.000
Vegna ferðaþjónustu.....	31.607.000	40.395.000
Vegna hlunnindanýtingar.....	0	2.400.000
Vegna hrossaræktar.....	8.150.000	7.000.000
Vegna iðnaðar o.fl.....	330.000	5.120.000
Vegna orkuveitna.....	7.600.000	400.000
Ýmis atvinnubætandi stofnframlög.....	5.390.000	4.150.000
	<u>54.327.000</u>	<u>62.965.000</u>

Skýringar

	2003	2002
14. Önnur atvinnuskapandi verkefni í dreifbýli:		
Smáverkefnasjóður.....	5.000.000	4.500.000
Atvinnuráðgjöf BÍ.....	1.200.000	1.200.000
Verkefni á vegum bænda.....	4.809.000	6.250.000
	<u>11.009.000</u>	<u>11.950.000</u>
15. Stofnframlög vegna atvinnufyrirtækja:		
Vegna iðnfyrirtækja.....	3.650.000	7.000.000
Vegna ferðaðþjónustu.....	1.000.000	11.800.000
Vegna afurðastöðva.....	10.500.000	12.000.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	8.000.000	2.000.000
	<u>23.150.000</u>	<u>32.800.000</u>
16. Framlög vegna loðdýraræktar:		
Fóðurjöfnunargjald.....	29.999.286	31.592.500
Fóður- og skinnaverkunarstöðvar.....	500.000	5.500.000
Innflutningur erfðaefnis/lífdýrakaup.....	2.400.000	1.000.000
Vegna rannsókna og leiðbeininga.....	3.200.000	4.000.000
	<u>36.099.286</u>	<u>42.092.500</u>
17. Framlög til markaðsöflunar:		
Bændasamtök Íslands, uppl. og kynningarmál.....	4.050.000	2.500.000
Vegna verkefna á vegum Áforms.....	1.000.000	5.750.000
Vegna kynningar á íslenska hestinum.....	2.250.000	5.250.000
Vegna hrossakjötsútflutnings.....	1.500.000	2.000.000
Vegna ferðaðþjónustu bænda.....	6.000.000	0
Vegna mjólkurafurða.....	1.000.000	3.000.000
Vegna garðávaxta.....	475.000	200.000
Vegna fiskeldisafurða.....	2.000.000	0
Handverk og hönnun.....	3.400.000	3.250.000
	<u>21.675.000</u>	<u>21.950.000</u>
18. Framlög til rannsókna- og þróunarverkefna:		
Fiskirækt og hlunnindanýting.....	4.600.000	2.500.000
Ferðaðþjónusta, þróunarverkefni.....	600.000	5.200.000
Skógræktarverkefni.....	0	2.000.000
Forritaþróun.....	0	2.000.000
Beitar- og fódurrannsóknir.....	4.600.000	1.000.000

Skýringar

Framhald	2003	2002
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	0	1.000.000
Jarðvegs- og gróðurannsóknir.....	9.050.000	7.500.000
Bútækniannsóknir.....	4.150.000	1.750.000
Rannsóknir, samst.verkefni m/Rannsóknaráði Íslands.....	13.800.000	17.100.000
Stofnkostnaður vegna rannsóknaaðstöðu.....	0	3.000.000
Kjötrannsóknir og aðrar matvælarannsóknir.....	760.000	4.150.000
Garðyrkja, þróunarverkefni.....	1.880.000	2.280.000
Ýmis þróunarverkefni búgreina.....	31.350.000	23.570.000
Landnýtingarverkefni.....	0	5.000.000
Ýmis rannsókn- og þróunarverkefni.....	7.550.000	1.540.000
	<u>78.340.000</u>	<u>79.590.000</u>

19. Framlög til fræðslu og menntunar:

Endurmenntun bænda og ráðunauta.....	7.650.000	16.300.000
Námsstyrkir og kynnisferðir.....	3.707.000	2.510.000
Uppbygging námskeiða og námsefnisgerð.....	0	6.062.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	4.075.000	400.000
	<u>15.432.000</u>	<u>25.272.000</u>

20. Fyrnd framlög

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árinu 1999 en hafa ekki verið nýtt. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins fyrnast loforð um framlög á fjórum árum.

21. Laun og launatengd gjöld

Laun stjórnar á árinu 2003 eru óbreytt frá árinu 2002. Önnur laun hækka um 1,6% milli áranna.

Stjórnarlaun.....	3.510.000	3.510.000
Laun.....	7.516.623	7.398.123
Launatengd gjöld.....	1.858.757	2.070.729
	<u>12.885.380</u>	<u>12.978.852</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 7,9 millj. kr. á árinu 2003.

Skýringar

22. Annar rekstrarkostnaður:	2003	2002
Ferðakostnaður.....	295.659	314.288
Akstur.....	977.619	1.192.624
Síma- og póstkostnaður.....	455.840	380.583
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	609.000	518.000
Kostnaður við skuldbreytingar.....	0	32.740
Prentun, pappír og tölvukostnaður.....	562.980	792.844
Fundakostnaður og auglýsingar.....	605.021	588.642
Húsnæðiskostnaður.....	619.444	648.868
Gjaldf. kostn. v/flutnings.....	698.815	0
Gjaldf. kostn. v/tölvubúnaðar.....	624.010	0
Ýmis kostnaður.....	144.740	193.436
	<u>5.593.128</u>	<u>4.662.025</u>

23. Hlutdeild umsýsluverkefna í rekstrarkostnaði 2003

Umsýsla vegna Áforms markaðsverkefnis.....	750.000
Umsýsla vegna garðyrkjunnar.....	125.000
Umsýslugjald vegna nautgriparæktarinnar.....	85.000
	<u>960.000</u>

24. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 millj. kr. Nafnverð hlutarins er 1 millj. kr. Í árslok nam nafnverð hlutafjár í heild 51 millj. kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er því 1,96%.

Garðávaxtasjóður

Ársreikningur 2003

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnenda.....	3
Áritun endurskoðenda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Skýringar.....	7

Staðfesting ársreiknings

Sjóður samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vöruþróun á þessu sviði. Sjóðurinn er í vörslu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins annast daglegan rekstur sjóðsins.

Á árinu var tekjuafgangur af rekstri Garðávaxtasjóðs er nam 1,3 millj. kr. Eignir samtals námu 50,0 millj. kr. í árslok. Skuldir eru engar og eigið fé 50,0 millj. kr. í árslok.


Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning Garðávaxtasjóðs fyrir árið 2003 með undirritun sinni.


Reykjavík, 3. mars 2004


Í stjórn



Bjarni Guðmundsson,
formaður.



Benjamín Baldursson.


Þórhalla Snæþórsdóttir.


Ari Teitsson.


Kjartan Ólafsson.

Jón G. Guðbjörnsson,
framkvæmdastjóri



Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.



Guðni Ágústsson,
landbúnaðarráðherra.

Áritun endurskoðenda


Til stjórnar Garðávaxtasjóðs


Við höfum endurskoðað ársreikning Garðávaxtasjóðs samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 3. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2003 og efnahag 31. desember 2003, í samræmi við lög, reglur og góða reikningskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 3. mars 2004


Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.


Sigurgeir Bóasson,
endurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2003

	Skýr	2003	2002
Rekstrartekjur:			
Framlög úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.....		0	2.000.000
Vaxtatekjur og verðbætur.....		3.778.542	3.594.337
Rekstrartekjur		<u>3.778.542</u>	<u>5.594.337</u>
Rekstrargjöld:			
Veitt framlög.....	3	2.500.000	2.150.000
Rekstrargjöld		<u>2.500.000</u>	<u>2.150.000</u>
Tekjuafgangur		<u>1.278.542</u>	<u>3.444.337</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir

	Skýr	31.12.2003	31.12.2002
Bankareikningur.....		49.963.753	48.685.211
		<u>49.963.753</u>	<u>48.685.211</u>

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2003.....		48.685.211	45.240.874
Tekjuafgangur ársins.....		1.278.542	3.444.337
		<u>49.963.753</u>	<u>48.685.211</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Garðávaxtasjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Handbært fé

2. Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnistæður.

Sundurliðun

2. Veitt framlög sundurliðast þannig:

Stofnrækt kartaflna.....	2.500.000
	<u>2.500.000</u>